

Leikskólinn Krummafötur



"Lengi býr að fyrstu gerð"

Læsi



Leikur að læra í salnum er svo skemmtilegur. Þar lærum við að þekkja formin, telja, flokka og leggja saman. Allt í gegnum skemmtilega leiki.

Í Krummafæti er lögð áhersla á að börnin tileinki sér aukinn orðaforða og læri merkingu tungumálsins í gegnum leikinn og daglegt starf.


Kynnist merkingu ritmáls og myndmáls í umhverfi leikskólans og verði fær um að lesa í sitt nánasta umhverfi og nærsamfélag.



Við erum dugleg að æfa okkur að klippa og líma. Það er góð æfing fyrir fínhyfingarnar og svo fáum við tækifæri til að skoða og spá í stafi og myndir.



Í okkar nánasta umhverfi má finna ýmis blóm sem gaman er að skoða nánar



Það er alltaf gaman að njóta þess að hlusta á sögur, þulur og ævintýri. En við erum líka dugleg að skoða sjálf, bækur og blöð. Stafirnir bjóða uppá ótal möguleika.



Leikskólinn Krummafötur



"Lengi býr að fyrstu gerð"

Sjálfbærni

Í leikskólanum lærum við að endurvinna. Margt fer í endurvinnslutunnuna en annað fer í Grástein sem er listasmiðjan okkar. Þar er oft hægt að búa til eitthvað skemmtilegt úr endurnýtanlegu efni.

Í Krummafæti er lögð áhersla á að börnin þekki sitt nánasta umhverfi og kynnist samfélaginu sem þau búa í. Læri að virða og vernda náttúruna og verði meðvituð um mikilvægi endurvinnslu í umhverfismálum.



Það er skemmtilegt að fara í heimskóknir á aðra vinnustaði. Við kynnumst nýju fóki og lærum að þekkja samfélagið okkar betur.

Við erum dugleg að fara í gönguferðir um nánasta umhverfið okkar. Í ferðunum fáum við að skoða og njóta náttúrunnar og lærum að umgangast hana á réttan hátt.



Leikskólinn Krummafötur



"Lengi býr að fyrstu gerð"

Lýðræði og mannréttindi



Það er gaman að fara í vettvangsferðir og skoða merka staði. Stundum fáum við að heyra skemmtilegar sögur sem tengjast svæðinu á einhvern hátt.



Í Krummafæti er mikil áhersla lögð á grenndarsamfélagið að börnin fái tækifæri til að kynnast því og taka þátt í umræðum því tengdu á markvissan og lýðræðislegan hátt. Umhyggja fyrir fólki, dýrum og umhverfinu er einnig stór hluti lýðræðismenntunar. Jafnframt er stuðlað að góðu samstarfi við heimili barnanna og þátttöku þeirra í skólasterfinu.

Á hverju ári förum við í heimsókn í sveitina og fáum að kynnast dýrunum stórum og smáum. Þessar ferðir vekja mikla kátínu.

Nokkrum sinnum á ári bjóðum við fjölskyldumeðlimum í heimsókn. Fyrir þessar heimsóknir höldum við fund og ákveðum í sameiningu hvað við ætlum að bjóða uppá með kaffinu.



Við erum góð hvert við annað og stórir hjálpa þeim sem minni eru. Stundum höfum við kósýdaga og gerum vel við okkur með nuddi, fótabaði o.þ.h.





Leikskólinn Krummafötur



"Lengi býr að fyrstu gerð"

Jafnrétti

Nám í Krummafæti miðar
að því að skapa jöfn
tækifæri fyrir öll börn til
að þroskast á eigin
forsendum, fá
námsaðstæður við hæfi,
rækta hæfileika sína og lifa
ábyrgu lífi.

Jafnframt stuðlum við að
vísýni og umburðarlyndi
barnanna gagnvart hvert
öðru.

Í Krummafæti eru allir jafnir
stórir sem smáir. Við erum
góðir vinir, leikum okkur
saman og hjálpumst að .



Það er gaman að
kynnast öðrum löndum
sem tengjast
leikskólanum á
einhvern hátt . Að
kynnast menningu
annarra þjóða eykur
umburðarlyndi okkar
gagnvart hvert öðru.
Sama hversu ólík við
erum.



Í leikskóla er gaman og við
erum alltaf að læra eitthvað
nýtt. Yngstu börnin eru að
læra að umgangast hvert
annað, vera saman í hóp og
skiptast á með dótið. Eldri
börnin þurfa að fá verkefni
við hæfi sem reynir á þau.
Það er svo gaman að læra
nýja hluti.





Leikskólinn Krummafötur



"Lengi býr að fyrstu gerð"

Heilbrigði og velferð



Við leikum stundum leikrit,
syngjum eða lesum hvert fyrir
annað. Sumum finnst það erfitt en
æfingin skapar meistarann.

Í Krummafæti er áhersla á
að börnin fái fjölbreytta
hreyfingu og útivist. Holtt
og næringarríkt fæði.

Læri góða siði í daglegum
athöfnum og öðlist
jákvæða sjálfsmynd.

Umhyggja er stór partur af
starfi skólans og mikilvægt
að starfsfólk myndi góð og
náin tengsl við börnin.



Við förum alltaf í útiveru tvisvar á dag
enda börnin í Krummafæti þekkt fyrir að
vera sérstaklega dugleg úti vetur, sumar,
vor og haust.



Í leikskólanum fáum við
fjölbreytta hreyfingu. Förum í
danskennslu, leikum frjálst í
salnum og gerum ýmiskonar
æfingar úti og inni.



Í matartímanum fáum við
hollan og góðan mat og nóg
af ávöxtum og grænmeti. Við
lærum líka góða borðsiði og
æfum okkur að vera alltaf
kurteis.





"Lengi býr að fyrstu gerð"

Sköpun

Í Krummafæti fá börnin tækifæri til að vinna að fjölbreyttum verkefnum með mismunandi efnivið sem örvar skynjun og hugmyndaflug.

Börnin hafa einnig aðgang að ýmskonar tónlist og fá nægan tíma og rými fyrir frjálsan leik.



Það er rosalega gaman að mála og föndra. Við gerum líka stundum tilraunir sem er ótrúlega skemmtilegt.



Við fáum góðan tíma í frjálsan leik. Í gegnum leikinn lærum við svo ótal margt eins og að vera góð hvert við annað og taka tillit til annarra sama hversu ólík við erum.



Við syngjum á hverjum degi og förum í tónlistartíma einu sinni í viku.

